

# Ríkisútvarpið

---

Ársreikningur

---

2006

Ríkisútvarpið  
Efstaleiti 1  
150 Reykjavík  
kt. 540269-5729

---

# Ríkisúttvarpið

---

Ársreikningur

---

2006

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-15

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar Ríkisútvarpsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisútvarpsins fyrir árið 2006 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit


Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisútvarpsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 30. mars 2007.

## Deloitte hf.



Birkir Leósson  
endurskoðandi



Lúðvík Þráinsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnenda

---

Tap Ríkisútvarpsins á árinu 2006 nam kr. 420.176.391. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 5.029.052.305 og bókfært eigið fé í árslok er neikvætt um kr. 606.265.158.

Á undanförunum árum hefur Ríkisútvarpið tekist á við sífelldan rekstrarvanda. Upphaf hans má rekja meira en fimm ár aftur í tímann þegar afnotagjöld fylgdu ekki almennri verðlagsþróun auk þess sem auknar skuldbindingar voru lagðar á stofnunina. Munar þar mestu um viðbótarframlag í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna sem kom til af kröfu ríkisins, að núvirði um 2.730 m.kr. Þetta hefur haft í för með sér umtalsvert hærri fjármagnskostnað hjá stofnuninni.

Í upphafi árs 2006 var eigið fé neikvætt um 186 m.kr. en í lok árs var það neikvætt um 606 m.kr.

## Framtíðarhorfur

Ríkisútvarpið stendur nú á tímamótum. Stjórnvöld hafa ákveðið að breyta því í opinbert hlutafélag og hefst rekstur þess 1. apríl 2007. Samhliða því verða eignir endurmetnar og eiginfjárstaðan bætt með framlagi úr ríkissjóði.

Að áliti Útvarpsstjóra koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Ríkisútvarpsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2007



Bjarni Guðmundsson  
Útvarpsstjóri

# Rekstrarreikningur ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
<b>Rekstrartekjur</b>			
Afnotagjöld .....		2.579.528.814	2.468.574.534
Auglýsingar og kostun .....		1.166.331.749	970.501.090
Aðrar tekjur .....		121.198.422	116.174.822
		<u>3.867.058.984</u>	<u>3.555.250.446</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Dagskrárkostnaður .....		2.694.297.316	2.355.914.901
Sölu- og gjöldkostnaður .....		281.239.748	252.903.817
Dreifikerfi .....		160.758.306	172.904.591
Sameiginlegur rekstur og stjórnun .....		401.957.280	377.351.076
Framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands .....		132.322.000	124.463.643
		<u>3.670.574.651</u>	<u>3.283.538.027</u>
<b>Hagnaður af rekstri fyrir afskriftir</b>		196.484.333	271.712.419
Afskriftir .....	4	(238.449.426)	(258.480.393)
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>		<u>(41.965.093)</u>	<u>13.232.026</u>
Fjármunatekjur .....		60.625.643	79.214.471
Fjármagnsgjöld .....		(438.836.942)	(288.647.390)
<b>Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals</b>		<u>(378.211.299)</u>	<u>(209.432.919)</u>
<b>Tap ársins</b>		<u><u>(420.176.391)</u></u>	<u><u>(196.200.893)</u></u>

# Efnahagsreikningur

---

## Eignir

	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	4	3.534.035.489	3.561.645.975
		<u>3.534.035.489</u>	<u>3.561.645.975</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Keypt réttindi og eigin framleiðsla .....	5	689.222.788	343.908.045
Viðskiptakröfur .....	6	401.070.829	376.126.100
Aðrar skammtímakröfur .....	6	16.253.263	18.701.542
Handbært fé .....	6	388.469.937	365.919.274
		<u>1.495.016.816</u>	<u>1.104.654.960</u>
<b>Eignir</b>		<u>5.029.052.305</u>	<u>4.666.300.935</u>

## 31. desember 2006

---

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
<b>Eigið fé</b>	7		
Afmælissjóður Ríkisútvarpsins .....		1.473.130	1.350.581
Ójafnað tap .....		(607.738.288)	(187.561.897)
Eigið fé		<u>(606.265.158)</u>	<u>(186.211.316)</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	8	3.235.121.375	3.163.519.016
Fjármögnunarleigusamningar .....	8	16.492.651	20.511.760
		<u>3.251.614.026</u>	<u>3.184.030.776</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	10	709.738.748	306.325.285
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	10	212.047.398	188.620.263
Aðrar skammtímaskuldir .....	10	1.461.917.291	1.173.535.926
		<u>2.383.703.438</u>	<u>1.668.481.474</u>
Skuldir		<u>5.635.317.463</u>	<u>4.852.512.251</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u><u>5.029.052.305</u></u>	<u><u>4.666.300.935</u></u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap ársins .....		(420.176.391)	(196.200.893)
<b>Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé</b>			
Afskriftir og sölutap (-hagnaður) fastafjármuna .....		238.449.426	258.480.393
Verðbætur og gengismunur langtímalána .....		284.862.014	95.443.215
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>		<u>103.135.049</u>	<u>157.722.715</u>
<b>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum</b>			
Vörubirgðir (hækkun) lækkun .....		(345.314.743)	30.632.714
Viðskiptakröfur (hækkun) lækkun .....		(24.944.729)	(5.820.928)
Aðrar skammtímakröfur (hækkun) lækkun .....		2.448.279	12.826.185
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, hækkun (lækkun) .....		691.794.828	225.514.205
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>427.118.684</u>	<u>420.874.892</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	4	(210.838.940)	(138.161.660)
		<u>(210.838.940)</u>	<u>(138.161.660)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Nýjar langtímaskuldir .....		7.917.083	17.839.981
Afborganir langtímaskulda .....	8	(201.768.713)	(194.655.724)
Breyting á afmælistjóði .....		122.549	(211.128)
		<u>(193.729.081)</u>	<u>(177.026.871)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		22.550.663	105.686.361
Handbært fé í upphafi árs .....		365.919.274	260.232.913
Handbært fé í lok árs .....		<u>388.469.937</u>	<u>365.919.274</u>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 122/2000.

Hlutverk Ríkisútvarpsins er að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleið. Ríkisútvarpið skal m.a. veita almenna fréttáþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem eru efst á baugi hverju sinni eða almenning varða.

Nýverið voru samþykkt lög á Alþingi um Ríkisútvarpið ohf. sem er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannabágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps. Ríkisútvarpið ohf. tekur til starfa þann 1. apríl næstkomandi og mun yfirtaka rekstur Ríkisútvarpsins.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Ríkisútvarpsins fyrir árið 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjámunna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

# Skýringar

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að fráðregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótveikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar. Niðurfærslan grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafna í árslok 2006.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að fráðregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárústreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

## 3. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig í þús kr.:

	2006	2005
Laun .....	1.432.298	1.227.014
Launatengd gjöld .....	335.738	246.694
	<u>1.768.036</u>	<u>1.473.708</u>
Meðalföldi starfa .....	340	317

Heildarlaun og þóknarir til stjórnenda félagsins á árinu 2006 námu 36,2 milljónum króna.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir	Dreifikerfi	Áhöld, tæki og innréttingar	Aðrar eignir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	3.615.416.895	2.121.991.557	6.213.006.799	30.960.352	11.981.375.603
Eignfært á árinu .....	0	3.914.211	208.331.631	0	212.245.842
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	(1.406.902)	0	(1.406.902)
Staða í árslok .....	<u>3.615.416.895</u>	<u>2.125.905.768</u>	<u>6.419.931.528</u>	<u>30.960.352</u>	<u>12.192.214.543</u>
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	989.005.031	1.829.755.071	5.586.134.745	14.834.781	8.419.729.628
Afskrift ársins .....	72.308.329	43.195.886	122.973.188	0	238.477.403
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	(27.977)	0	(27.977)
Staða í árslok .....	<u>1.061.313.360</u>	<u>1.872.950.957</u>	<u>5.709.079.956</u>	<u>14.834.781</u>	<u>8.658.179.054</u>
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í ársbyrjun .....	2.626.411.864	292.236.486	626.872.054	16.125.571	3.561.645.975
Bókfært verð í árslok .....	<u>2.554.103.535</u>	<u>252.954.811</u>	<u>710.851.572</u>	<u>16.125.571</u>	<u>3.534.035.489</u>
Afskriftarhlutföll .....	2%	2-12%	7-20%	0%	

# Skýringar

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Efstaleiti 1 .....	3.304.050.000	2.326.550.000	2.518.467.734
Aðrar fasteignir .....	15.335.000	35.450.000	35.635.801
Dreifikerfi .....	218.494.950	258.020.000	252.954.811
Aðrar eignir .....	0	0	726.977.143
	<u>3.537.879.950</u>	<u>2.620.020.000</u>	<u>3.534.035.489</u>

Fasteignir og bifreiðar eru skyldutryggðar. Guarnerius del Gesu fiðla frá árinu 1728 í eigu Ríkisútvarpsins er tryggt fyrir \$2.850.000, aðrar eignir eru ótryggðar.

## 5. Vörubirgðir

	31.12.2006	31.12.2005
Dagskrárbirgðir .....	648.580.134	309.742.889
Aðrar birgðir .....	40.642.654	34.165.156
	<u>689.222.788</u>	<u>343.908.045</u>

Birgðir vegna sýningarréttar og eigin framleiðslu eru metnar við kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

## 6. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2006	31.12.2005
Innlendar viðskiptakröfur .....	32.572.813	23.998.534
Erlendar viðskiptakröfur .....	30.235.788	0
Útistandandi afnotagjöld .....	115.146.867	128.399.038
Útistandandi auglýsingar .....	223.115.361	223.728.528
	<u>401.070.829</u>	<u>376.126.100</u>

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði en óbein afskrift að fjárhæð 177 m.kr. er færð til að mæta kröfum sem kunna að tapast. Hér er ekki um endanlega afskrift einstakra krafna að ræða, heldur almenna varúðarafskrift sem grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafna í árslok 2006.

Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi vegna ársins 2006:

Staða afskriftareiknings 1/1 2006.....	239.000.000
Endanleg afskrift ársins.....	(129.744.375)
Breyting afskriftareiknings á árinu.....	67.744.375
Staða afskriftareiknings 31/12 2006.....	<u>177.000.000</u>

# Skýringar

## 6. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2006	31.12.2005
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	3.537.130	16.976.456
Aðrar kröfur .....	12.716.133	1.725.086
	<u>16.253.263</u>	<u>18.701.542</u>

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2006	31.12.2005
Sjóður .....	136.703	417.132
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	225.852.620	233.921.927
Bankainnstæður í erlendri mynt .....	162.480.614	131.580.215
	<u>388.469.937</u>	<u>365.919.274</u>

## 7. Eigið fé

	Afmælisjóður Ríkisútvarpsins	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1.1.2006 .....	1.350.581	(187.561.897)	(186.211.316)
Breyting á Afmælisjóði Ríkisútvarpsins .....	122.549	0	122.549
Tap ársins .....	0	(420.176.391)	(420.176.391)
	<u>1.473.130</u>	<u>(607.738.288)</u>	<u>(606.265.158)</u>

## 8. Langtímaskuldir

	Eftirstöðvar	
	31.12.2006	31.12.2005
Skuldir í CHF .....	32.703.604	30.016.622
Skuldir í DKK .....	20.674.019	18.971.373
Skuldir í EUR .....	219.221.762	199.106.674
Skuldir í USD .....	129.729.730	128.270.270
Skuldir í ISK .....	<u>3.061.332.309</u>	<u>2.996.286.101</u>
	3.463.661.424	3.372.651.039
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	<u>(212.047.398)</u>	<u>(188.620.263)</u>
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>3.251.614.026</u>	<u>3.184.030.776</u>

# Skýringar

## 8. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

Næsta árs afborganir .....	212.047.398
Afborganir 2008.....	210.241.977
Afborganir 2009.....	206.703.743
Afborganir 2010.....	209.712.403
Afborganir 2011.....	215.328.101
Afborganir síðar .....	<u>2.409.627.802</u>
	<u>3.463.661.424</u>

## 9. Lífeyrisskuldbinding

Áfallin viðbótarlífeyrisskuldbinding Ríkisútvarpsins frá ársbyrjun til ársloka 2006 nam 59,4 m.kr. samkvæmt áætlun LSR. Þessi lífeyrisskuldbinding er færð í bækur stofnunarinnar en hún hefur verið greidd að mestu leyti með viðbótarlífeyrisðgjöldum. Breytingar á árinu greinast þannig:

Áfallin skuldbinding á árinu.....	59.398.903
Greitt á árinu.....	<u>(41.800.047)</u>
Ógreitt 31.12.2006.....	<u>17.598.856</u>

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Innlendar viðskiptaskuldir .....	220.282.779	206.836.322
Erlendar viðskiptaskuldir .....	489.455.969	99.488.963
	<u>709.738.748</u>	<u>306.325.285</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Virðisaukaskattur .....	65.575.658	39.250.187
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	1.999.865	1.839.875
Ógreiddar eftirstöðvar kaupsamnings .....	77.403.070	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	473.038.897	392.296.491
Ógreiddir áfallnir vextir .....	39.278.802	37.898.857
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....	2.312.313	933.277
Sinfóníuhljómsveit Íslands .....	758.323.360	626.001.360
Aðrar skuldir .....	43.985.326	75.315.879
	<u>1.461.917.291</u>	<u>1.173.535.926</u>

# Skýringar

## 10. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2006	31.12.2005
Skuldir við lánastofnanir .....	192.392.141	170.001.795
Fjármögnunarleigusamningar .....	19.655.257	18.618.468
	<u>212.047.398</u>	<u>188.620.263</u>

## 11. Aðrar skuldbindingar

Samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á hluti starfsmanna Ríkisútvarpsins rétt á biðlaunum sé starf þeirra lagt niður. Biðlaunaskuldbindingin gæti að hámarki numið um 400 m.kr. en skuldbinding vegna þessa ekki verið færð í ársreikninginn.

## 12. Ábyrgðir og önnur mál

Gerðir hafa verið nokkrir fjármögnunarleigusamningar vegna kaupa á tölvum og tækjabúnaði. Þrátt fyrir eignarréttarfyrirvara leigusala eru þessir leigufjármunir færðir til eignar í ársreikningnum meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðir á sama hátt. Bókfært verð þessara fjármuna nemur um 64,6 m.kr. í árslok. Jafnframt þessu er færð samsvarandi skuld við leigusala meðal langtímaskulda og eru eftirstöðvar um 36,1 m.kr. í árslok 2006.

Ríkisútvarpið var sýknað í héraðsdómi af kröfu en málinu hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar. Krafa er um 3 m.kr. auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Ekki hefur verið tekið tillit til þessa í rekstrar- og efnahagsreikningi.

Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, er með mál til meðferðar er snertir fjármögnun og rekstur Ríkisútvarpsins. Forráðamenn Ríkisútvarpsins telja ólíklegt að fjárskuldbinding vegna málsins muni falla á stofnunina og hefur skuldbinding vegna þessa ekki verið færð í ársreikninginn.

## 13. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi	2006	2005	2004
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) .....	196.484.333	271.712.419	391.022.853
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur	5,1%	7,6%	11,5%
Rekstrarhagnaður / rekstrartekjur	-1,1%	0,4%	3,7%
Hagnaður ársins / rekstrartekjur	-10,9%	-5,5%	-1,5%
Úr efnahagsreikningi	31.12.2006	31.12.2005	30.12.2004
<b>Greiðsluhæfi</b>			
a) Lausafjárhlutfall .....	0,34	0,46	0,46
b) Veltufjárhlutfall .....	0,63	0,66	0,72
a) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir			
b) Veltufjármunir/skammtímaskuldir			
<b>Fjárhagslegur styrkur</b>			
c) Eiginfjárhlutfall .....	-12,1%	-4,0%	0,2%
c) Eigið fé/heildarfjármagn			

# Skýringar

## 14. Sjóðstreymisýfirlit

	2006	2005	2004	2003	2002
Tap ársins.....	(420.176.391)	(196.200.893)	(49.718.648)	(313.692.199)	(188.157.520)
Afskriftir.....	238.449.426	258.480.393	264.682.373	216.094.225	236.502.813
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	284.862.014	95.443.215	69.609.546	98.741.574	40.815.942
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>103.135.049</b>	<b>157.722.715</b>	<b>284.573.271</b>	<b>1.143.600</b>	<b>89.161.235</b>
Breyting á:					
Rekstartengdum eignum.....	(367.811.193)	37.637.971	(40.454.666)	(162.118.430)	(19.481.834)
Rekstartengdum skuldum.....	691.794.828	225.514.205	(6.800.102)	421.827.836	157.190.570
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>427.118.684</b>	<b>420.874.892</b>	<b>237.318.503</b>	<b>260.853.006</b>	<b>226.869.971</b>